



Matvælatækni ehf.

Desember, 2015

Notkun Rodak snertiskála

Hér fylgir yfirlit yfir helstu notkunarvið skálanna.

1. Við mat á árangri gerileyðingar flata eftir þrif

Sýni skal taka af flötum eftir þrif með gerileyðandi efnum eða eftir þvott í uppvöskunarvél. Taka skal sýni eftir að flöturinn hefur náð að þorna.

- Skurðarbretti.
- Leirtau úr uppvöskunarvél, diskur að innanverðu.
- Hnífur, gaffall, skeið; snertiflötur munns.
- Plast- og stálílát undir matvæli, að innanverðu.
- Matvælavinnsluvélar, s.s. skurðarhnífur áleggsskurðarvélar, snertiflötur hakkavélar.
- Gólf og baðklefar eftir ræstingu með gerileyðandi þvottaefnum.

2. Við sýnikennsku starfsmanna

Nota má skálarnar til að sýna starfsfólki tilvist gerla á ýmsum flötum og gera það meðvitað um þá á ýmsum svæðum og benda þeim á hugsanlega hættu á krossmengun. Leyfið því að sjá sýnatökuna og þá verður það fróðlegra og meira spennandi að skoða niðurstöðuna.

- Fingur. Starfsmaður skal leggja fingur á skálina eins og verið sé að taka fingrafar.
- Hurðarhúnn.
- Viskustykki. Borðklútur.
- Krani á handlaug.
- Naglabursti. Leggja broddana varlega á hlaupyfirborðið.
- Peningaseðill, mynt.
- Salernisseta og handfang á salerninu.
- Gólfsvæði og baðklefagólf.

Loks má taka sýni fyrir og eftir þrif til að sýna áhrif þrifa.

Athuga: Ekki opna skálina að ræktunartíma loknum vegna mengunarhættu. Að aflestri loknum skal leggja snertiskálarnar í klórupplausn (2 klst.) til sóttþreinsunar og henda síðan með almennu rusli. Sóttþreinsuupplausn: 2-3 tappar af 5% bleikiklór (5% klór) í ½ L af vatni (2.000 p.p.m. af klór).

Útgáfa 2.1, 15.12.2015